

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2020/EES/21/01		Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA frá 18. desember 2019 um hundruðustu og fimmtu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar með því að fella niður leiðbeiningar um umreikning milli gjaldmiðla einstakra ríkja og evru	1
2020/EES/21/02		Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti í EFTA-ríkjunum; vextirnir gilda frá 1. janúar 2020	3
2020/EES/21/03		Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA frá 11. febrúar 2020 um breytingu á starfsreglum	4
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2020/EES/21/04		Beiðni <i>Fürstliches Obergericht</i> dags. 3. desember 2019 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í málinu Bergbahn Aktiengesellschaft Kitzbühel gegn Meleda Anstalt (Mál E-10/19)	5
2020/EES/21/05		Beiðni frá <i>Beschwerdekommision für Verwaltungsangelegenheiten</i> dags. 18. desember 2019 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í málinu Adpublisher AG gegn J (Mál E-11/19)	7
2020/EES/21/06		Beiðni frá <i>Beschwerdekommision für Verwaltungsangelegenheiten</i> dags. 18. desember 2019 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í málinu Adpublisher AG gegn K (Mál E-12/19)	8
2020/EES/21/07		Beiðni kærunefndar útboðsmála dags. 18. desember 2019 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í málinu Hraðbraut ehf. gegn mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Verzlunarskóla Íslands ses., Tækniskólanum ehf., og Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. (Mál E-13/19)	9
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2020/EES/21/08		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9604 – NENT/Telenor/JV)	10

2020/EES/21/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9614 – ÖBB-Technische Services-Gesellschaft mbH/LTE Logistik- und Transport-GmbH) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2020/EES/21/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9766 – APG/CalPERS/Munich Re/Astoria I & II) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2020/EES/21/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9775 – Global Payments/CaixaBank/MoneyToPay) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2020/EES/21/12	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9786 – RIL/BP/RBML JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2020/EES/21/13	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9799 – Goldman Sachs/Summa Equity/EcoOnline) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2020/EES/21/14	Upphaf málsmeðferðar (mál M.9547 – Johnson & Johnson/Tachosil)	16
2020/EES/21/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9424 – NVIDIA/Mellanox)	17
2020/EES/21/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9646 – Macquarie/Aberdeen/Pentacom/JV)	17
2020/EES/21/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9655 – HG/GA/Argus)	18
2020/EES/21/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9659 – Telia Company/CapMan AIFM/JV)	18
2020/EES/21/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9663 – Vossloh Rail Services/Rhomberg Sersa Rail Holding/Vossloh Rail Maintenance (Railway Switches Repair and Maintenance))	19
2020/EES/21/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9680 – La Voix du Nord/SIM/Mediacontact/Roof Media)	19
2020/EES/21/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9683 – Colony Capital/PSP/Etix)	20
2020/EES/21/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9684 – Parks Bottom/Omers/Accor/Fairmont Hotels)	20
2020/EES/21/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9701 – Infravia/Iliad/Iliad 73)	21
2020/EES/21/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9710 – Bertelsmann/Penguin Random House)	21
2020/EES/21/25	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9715 – PCG/PCC/JV)	22
2020/EES/21/26	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9721 – APG/IRCP/Merkur)	22

2020/EES/21/27	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9724 – Generali/UIR/Zaragoza)	23
2020/EES/21/28	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9729 – Bouygues Telecom/Phoenix Tower International/JV)	23
2020/EES/21/29	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9734 – HPS/MDP/Arachas)	24
2020/EES/21/30	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9749 – Glencore Energy UK/Ørsted LNG Business)	24
2020/EES/21/31	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9754 – KII/Infor)	25
2020/EES/21/32	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9758 – Toyota Financial Services Corporation/Mitsui & Co/KINTO Brasil)	25
2020/EES/21/33	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9764 – Red Rock Power/Capman Infra Lux Management/NH-Amundi Asset Management/JV)	26
2020/EES/21/34	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9788 – JAB/Jacobs Douwe Egberts)	26

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2020/EES/21/01

frá 18. desember 2019

um hundruðustu og fimmtu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar með því að fella niður leiðbeiningar um umreikning milli gjaldmiðla einstakra ríkja og evru

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 61. til 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr. og b-liðar 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samnings um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um málefni á sviði EES-samningsins ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveður skýrt á um það, eða eftirlitsstofnunin álitur það nauðsynlegt.

Eftirlitsstofnunin samþykkti 19. janúar 1994 málsmeðferðar- og efnisreglur á sviði ríkisaðstoðar með kafla með leiðbeiningum um umreikning gjaldmiðla einstakra ríkja í evrópskar mynteiningar (ECU) ⁽¹⁾.

Þessum leiðbeiningum var breytt 5. nóvember 2003, í kjölfar þess að evran var innleidd ⁽²⁾.

Af þessum leiðbeiningum leiðir að fjárhæðir sem eru gefnar upp í evrum eru umreiknaðar yfir í gjaldmiðla EFTA-ríkjanna innan EES yfir hvert almannaksár á því gengi sem gildir á fyrsta degi ársins þegar gengi evru gagnvart öllum gjaldmiðlum EES-svæðisins liggur fyrir.

Þessar leiðbeiningar samsvara ekki lengur leiðbeiningum og starfsvenjum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem almennt styðst við mánaðarlegt/daglegt gjaldmiðla.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur ráðfært sig við EFTA-ríkin innan EES og framkvæmdastjórnina og mun samræma fyrirkomulag sitt við umreikning gjaldmiðla fyrirkomulagi Evrópusambandsins héðan í frá.

Af þessum sökum hefur eftirlitsstofnunin ákveðið að fella niður leiðbeiningar sínar um umreikning gjaldmiðla einstakra ríkja í evru.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar verður breytt með því að fella brott 33. kafla um umreikning milli gjaldmiðla einstakra ríkja og evru.

⁽¹⁾ Ákvörðun 4/94/COL, (Stjtuð. ESB L 231, 3.9.1994, bls. 68).

⁽²⁾ Ákvörðun 197/03/COL, (Stjtuð. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 34).

2. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Ákvörðun tekin í Brussel, 18. desember 2019

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Bente Angell-Hansen

Frank J. Büchel

Högni Kristjánsson

Forseti

Stjórnarmaður

Stjórnarmaður

*Stjórnarmaður sem fer með
málaflokkinn*

Carsten Zatschler

Meðundirritar sem framkvæmdastjóri

Lagaskrifstofu

**Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um endurkröfuvexti sem reikna ber við
endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti í EFTA-ríkjunum;
vextirnir gilda frá 1. janúar 2020**

2020/EES/21/02

*Birt í samræmi við reglur um viðmiðunar- og afreiknivexti sem fram koma í VII. hluta
leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð og 10. gr. ákvörðunar
Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL 14. júlí 2004 ⁽¹⁾.*

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við ákvæði kaflans um aðferð við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar 788/08/COL frá 17. desember 2008. Við útreikning gildandi viðmiðunarvaxta er viðeigandi álagi bætt við grunnvextina í samræmi við leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð.

Grunnvextirnar eru ákvarðaðir sem hér segir:

	Ísland	Liechtenstein	Noregur
01.01.2020 –	4,26	– 0,56	1,79

⁽¹⁾ Stjóttð. ESB L 139, 25.5.2006, bls. 37, og EES-viðbætur nr. 26, 25.5.2006, bls. 1.

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2020/EES/21/03

frá 11. febrúar 2020

um breytingu á starfsreglum

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum 13. gr. samningsins,

þar sem æskilegt þykir að skýra tiltekna þætti starfsreglna Eftirlitsstofnunar EFTA svo aðgreina megi með skýrari hætti umfjöllun stjórnar, sem er trúnaðarmál skv. 10. gr. starfsreglnanna, og þau atriði sem skráð eru í fundargerðir stjórnarfunda.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Að breyta 9. gr. starfsreglnanna með því að bæta við:
 - a. orðunum „fyrir fyrsta fund hvers mánaðar eftir það“ í lok síðustu setningar fyrstu málsgreinar,
 - b. setningunni „Dagskrárdrögin eru og verða trúnaðarmál.“ á eftir fyrstu setningu annarrar málsgreinar, og
 - c. orðunum „tekið mál af fundardagskránni, eða“ á eftir annarri kommu í fjórðu málsgrein þeirrar greinar.
2. Breyta 11. gr. starfsreglnanna með því að bæta við eftirfarandi texta sem nýrri málsgrein á eftir fyrstu málsgrein þeirrar greinar:

„Fundargerðir skulu byggjast á þeirri fundardagskrá sem samþykkt er í upphafi fundar og skal færa í fundargerðirnar efnislegar ákvarðanir hvað varðar mál á fundardagskrá, þ.e. venjulega hvort tillaga hafi verið samþykkt eða henni frestað, auk annarra mála sem vakin hefur verið athygli á.“

Ákvörðunin öðlast gildi við samþykkt hennar.

Gjört í Brussel 11. febrúar 2010.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA,

Bente Angell-Hansen

Forseti

Frank J. Büchel

Stjórnarmaður

Högni Kristjánsson

Stjórnarmaður

Carsten Zatschler

*Meðáritar sem deildarstjóri**Lagaskrifstofu*

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni *Fürstliches Obergericht* dags. 3. desember 2019 um ráðgefandi álit
EFTA-dómstólsins í málinu *Bergbahn Aktiengesellschaft Kitzbühel*
gegn *Meleda Anstalt*

2020/EES/21/04

(Mál E-10/19)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf *Fürstliches Obergericht* (áfrýjunarréttar furstadæmisins) dags. 3. desember 2019, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 5. desember 2019, með beiðni um ráðgefandi álit í málinu *Bergbahn Aktiengesellschaft Kitzbühel* gegn *Meleda Anstalt*, að því er varðar eftirtaldar spurningar:

Hvernig ber að túlka 1. mgr. 30. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849?

I.

- Hvernig ber að túlka ákvæðið um að hlutafélög og aðrir lögaðilar skuli útvega fullnægjandi upplýsingar um raunverulegt eignarhald? Er að jafnaði nægilegt, að aðilanum sem skyldan hvílir á sé tilkynnt um raunverulegan eiganda, eða er einnig þörf á að framvísa skjölum sem liggja að baki og hafa sönnunargildi (samþykktum, o.s.frv.)?
- Ef upplýsingagjöf ein og sér er ekki fullnægjandi, og að jafnaði þarf einnig að leggja fram skjöl sem liggja að baki (samþykktir, o.s.frv.): Myndi það breyta aðstæðum á einhvern hátt ef raunverulegur eigandi væri lögpersóna með skráða skrifstofu í EES-ríki og félli þar með einnig undir gildissvið ákvæða tilskipunar (ESB) 2015/849? Væri upplýsingagjöfin ein og sér að minnsta kosti talin fullnægjandi í slíku tilvikum?
- Sé svarið við 2. spurningu neikvætt: Myndi það breyta aðstæðum á einhvern hátt ef stjórn endanlegs eiganda er skipuð lögfræðingi, lögþólkanda eða vörsluaðila, sem samkvæmt reglum landsréttar ber skylda til, að viðlagðri þungri refsingu við broti á slíkri skyldu, eða mögulegri afturköllun heimildar til þess að iðka starfsemi sína, að veita alhliða og nákvæmar upplýsingar, og sem, samkvæmt reglum viðkomandi landsréttar, nýtur sérstaks trausts?
- Ef svarið við 3. spurningu er einnig neikvætt og skyldan til þess að leggja fram skjölin sem liggja að baki (samþykktir, o.s.frv.) er því fyrir hendi í öllum tilvikum:
 - Hvert væri þá lágmarksumfang skjala sem þyrfti að framvísa með hliðsjón af meginreglunni um lágmarkun gagna sem er sett fram í c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin)?
 - Hvernig ber að sanna að ekki sé fyrir hendi óbeint eignarhald eða endanleg stjórn af hálfu einstaklings, í skilningi v-liðar b-liðar 6. mgr. 3. gr. og c-liðar 6. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 (í ljósi þeirrar reglu að ekki þurfi að sanna eitthvað sem er ekki - „negativa non sunt probanda“)?

II. Óháð þeim svörum sem veitt eru við spurningunum í I. hluta:

- Hvernig ber aðilanum sem skylt er að útvega fullnægjandi upplýsingar skv. 1. mgr. 30. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 að bera sig að ef raunverulegur eigandi neitar að veita upplýsingar og/eða - með fyrirvara um svörin við spurningunum í I. hluta - framvísa gögnum sem liggja að baki, eða veitir ekki nákvæmar og uppfærðar upplýsingar: Ber aðilanum sem skyldan hvílir á þá að grípa til réttaraðgerða á eigin áhættu eða kostnað gegn raunverulegum eiganda, sem beinast að því að hann veiti upplýsingar, eða, ef unnt er, grípa til svipaðra réttaráhræða samkvæmt landslögum, eða geta upplýsingarnar sem raunverulegur eigandi veitir verið fullnægjandi eða neitun hans á því að veita upplýsingar? Verður í slíku tilvikum, ef nauðsyn krefur, að beita ii-lið a-liðar 6. mgr. 3. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849, að breyttu breytanda, þar sem vísað er til þess að „allar hugsanlegar leiðir hafa verið fullreynðar“, með öðrum orðum, ber að skilja það, að allar leiðir hafi verið fullreynðar, þannig að í því felist málarekstur á eigin áhættu og eigin kostnað?

2. Ef svarið við fyrri spurningunni er jákvætt (þ.e. að skylda til málareksturs sé fyrir hendi):
Verður þá, í slíku tilviki, ef nauðsyn krefur, að beita ii-lið a-liðar 6. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar, að breyttu breytanda, þannig að skyldan til málareksturs á eigin áhættu og eigin kostnað sé fyrir hendi þegar ástæða er til grunsemda, eða einhver vafi (jafnvel minnsti vafi) er til staðar varðandi veittar upplýsingar?

Beiðni frá *Beschwerdekommission für Verwaltungsangelegenheiten* dags.
18. desember 2019 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í málinu
Adpublisher AG gegn J

2020/EES/21/05

(Mál E-11/19)

EFTA-dómstólnum hefur borist beiðni frá *Beschwerdekommission für Verwaltungsangelegenheiten* (áfrýjunarnefnd í stjórnáslulegum málefnum) dags. 18. desember 2019, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 23. desember 2019, um ráðgefandi álit í málinu Adpublisher AG gegn J, sem varðar eftirfarandi spurningar:

1. Leiðir það af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin), eða af öðru ákvæði reglna EES-réttar, að við málsmeðferð til sóknar og varnar í kvörtunarmáli sé heimilt samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni að leynd nafni og heimilisfangi kvartanda í kvörtunarmálinu?

Ef svarið við spurningunni er jákvætt: Er nauðsynlegt í slíku tilviki að sýna fram á lögmæta ástæðu nafnleyndar að óránsökuðu máli að minnsta kosti, eða er ekki talin þörf á að gefa upp ástæður að baki nafnleyndinni?

2. Ber aðildarríki að tryggja, með réttarfarsreglum sínum, að við málsmeðferð í kvörtunarmáli skv. 77. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar séu möguleg áfrýjunarúrræði skráðum einstaklingi að kostnaðarlausu og einnig að ekki sé heldur unnt að gera skráðum einstaklingi að bæta gagnaðilanum málskostnað?
3. Ef svarið við 1. spurningu er jákvætt og svarið við 2. spurningu er neikvætt, með öðrum orðum, að við málsmeðferð til sóknar og varnar í kvörtunarmáli sé heimilt samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni að leynd nafni og heimilisfangi kvartanda í kvörtunarmálinu og að ekki beri að tryggja, með réttarfarsreglum, að möguleg áfrýjunarúrræði séu skráðum einstaklingi að kostnaðarlausu, er spurt hvernig unnt sé að framfylgja ákvörðun í kvörtunarmáli sem gerir skráðum einstaklingi - sem hins vegar er nafnlaus - að bæta gagnaðilanum málskostnaðinn?

**Beiðni frá *Beschwerdekommission für Verwaltungsangelegenheiten* dags.
18. desember 2019 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í málinu
Adpublisher AG gegn K
(Mál E-12/19)**

2020/EES/21/06

EFTA-dómstólnum hefur borist beiðni frá *Beschwerdekommission für Verwaltungsangelegenheiten* (áfrýjunarnefnd í stjórnarsýslulegum málefnum) dags. 18. desember 2019, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 23. desember 2019, um ráðgefandi álit í málinu Adpublisher AG gegn K, sem varðar eftirfarandi spurningar:

1. Leiðir það af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin), eða af öðru ákvæði reglna EES-réttar, að við málsmeðferð til sóknar og varnar í kvörtunarmáli sé heimilt samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni að leynd nafni og heimilisfangi kvartanda í kvörtunarmálinu?

Ef svarið við spurningunni er jákvætt: Er nauðsynlegt í slíku tilviki að sýna fram á lögmæta ástæðu nafnleyndar að órannsökuðu máli að minnsta kosti, eða er ekki talin þörf á að gefa upp ástæður að baki nafnleyndinni?

2. Ber aðildarríki að tryggja, með réttarfarsreglum sínum, að við málsmeðferð í kvörtunarmáli skv. 77. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar séu möguleg áfrýjunarúrræði skráðum einstaklingi að kostnaðarlausu og einnig að ekki sé heldur unnt að gera skráðum einstaklingi að bæta gagnaðilanum málskostnað?
3. Ef svarið við 1. spurningu er jákvætt og svarið við 2. spurningu er neikvætt, með öðrum orðum, að við málsmeðferð til sóknar og varnar í kvörtunarmáli sé heimilt samkvæmt almennu persónuverndarreglugerðinni að leynd nafni og heimilisfangi kvartanda í kvörtunarmálinu og að ekki beri að tryggja, með réttarfarsreglum, að möguleg áfrýjunarúrræði séu skráðum einstaklingi að kostnaðarlausu, er spurt hvernig unnt sé að framfylgja ákvörðun í kvörtunarmáli sem gerir skráðum einstaklingi - sem hins vegar er nafnlaus - að bæta gagnaðilanum málskostnaðinn?

**Beiðni kærunefndar útboðsmála dags. 18. desember 2019 um ráðgefandi álit
EFTA-dómstólsins í málinu Hraðbraut ehf. gegn mennta- og
menningarmálaráðuneytinu, Verzlunarskóla Íslands ses., Tækniskólanum
ehf., og Menntaskóla Borgarfjarðar ehf.**

2020/EES/21/07

(Mál E-13/19)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf kærunefndar útboðsmála dags. 18. desember 2019, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 23. desember 2019, með beiðni um ráðgefandi álit í málinu Hraðbraut ehf. gegn mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Verzlunarskóla Íslands ses., Tækniskólanum ehf., og Menntaskóla Borgarfjarðar ehf., að því er varðar eftirfarandi spurningar:

1. Telst samningur sem ráðuneyti gerir við aðila, sem hefur leyfi til að starfa sem framhaldsskóli, þar sem viðkomandi tekur að sér að veita nemendum og kennurum þjónustu og aðbúnað sem almennt tíðkast á framhaldsskólastigi og þar sem gert er ráð fyrir fjárframlögum, til samnings um þjónustu í skilningi tilskipunar 2014/24/ESB, sbr. einkum 9. mgr. 2. gr.?
2. Telst sú þjónusta sem felst í samningi af þeirri tegund, sem lýst er í spurningu 1, til félagsþjónustu eða annarrar sérgreindrar þjónustu í skilningi 74. gr. tilskipunar 2014/24/ESB, og ef svo er ber að fylgja ákvæðum 1. kafla III. bálks tilskipunarinnar hvað varðar fyrirkomulag innkaupa?
3. Hefur það þýðingu, þegar leyst er úr spurningum 1 og 2, hvort endurgjald vegna þeirrar þjónustu sem um ræðir sé ákveðið með fjárlögum frá Alþingi eða samkvæmt ákvörðun ráðherra á grundvelli innlendra laga og reglna þar um?
4. Er mennta- og menningarmálaráðuneytinu skylt að viðhafa innkaupaferli á grundvelli tilskipunar nr. 2014/24/ESB vegna kaupa á þjónustu sem varðar rekstur skóla og kennslu á framhaldsskólastigi gegn fjárframlögum?

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/21/08

(mál M.9604 – NENT/Telenor/JV)

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. mars 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Nordic Entertainment Group AB („NENT“, Svíþjóð).
- Telenor ASA („Telenor“, Noregi).
- Sameiginlegt félag („JV“, Svíþjóð).

NENT og Telenor ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir hinu sameiginlega félagi, JV.

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- NENT: i) dreifing sjónvarpsefnis og sjónvarpsstöðvar í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi, sem og gerð, framleiðsla og dreifing á sjónvarpsþáttum, auglýsingum, kvikmyndum og efni undir vörumerkjum, og ii) utan Norðurlandanna, rekstur framleiðslufyrirtækja í öðrum Evrópulöndum og sala á efni til viðskiptavina um allan heim.
- Telenor: farsíma- og fastasímanetþjónusta og dreifing á sjónvarpsefni í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi, sem og farsímaþjónusta í Asíu.
- JV: dreifing sjónvarpsefnis í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 108, 1.4.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9604 – NENT/Telenor/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9614 – ÖBB-Technische Services-Gesellschaft mbH/LTE Logistik- und Transport-GmbH)

2020/EES/21/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. mars 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- ÖBB-Technische Services-Gesellschaft mbH („OBB-TS“, Austurríki).
- LTE Logistik- und Transport-GmbH („LTE“, Austurríki).
- Instandhaltungs GmbH („JV“, Austurríki).

OBB-TS og LTE ná í sameiningu yfirlaðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, JV.

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- OBB-TS: viðhaldsþjónusta fyrir járnbrautarvagna.
- LTE: vöruhúsaþjónustufyrirtæki sem annast lestarflutninga á farmi.
- JV: mun annast léttu viðhaldsþjónustu fyrir járnbrautarvagna í einu mannvirki sem er í grennd við Vín, Austurríki.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 102, 30.3.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9614 – ÖBB-Technische Services-Gesellschaft mbH/LTE Logistik- und Transport-GmbH

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbreffi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9766 – APG/CalPERS/Munich Re/Astoria I & II)

2020/EES/21/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. mars 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Gotham Power Investors LLC („Gotham JV“), sameiginlega undir yfirráðum California State Teachers Retirement System („CalSTRS“) (Bandaríkjunum) og Stichting Pensionfonds ABP („APG“) (Hollandi).
- MR Gotham LP („MR Gotham“), undir yfirráðum Münchener Rückversicherungs-Gesellschaft („Munich Re“) (Þýskalandi).
- GPP New York, LLC og GPP Astoria II, LLC, sem bæði eru undir yfirráðum California Public Employees' Retirement System („CalPERS“) (Bandaríkjunum).
- Astoria Project Partners LLC („Astoria I“) (Bandaríkjunum).
- Astoria Project Partners II LLC („Astoria II“) (Bandaríkjunum).

Gotham JV og MR Gotham ná sameiginlegum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Astoria I og Astoria II, í gegnum sameiginlegt fyrirtæki sem þau eiga í sameiningu, Astoria Power Partners Holding LLC („APPH“). CalPERS (hluthafi sem var til staðar) mun halda sameiginlegum yfirráðum yfir Astoria II.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- CalSTRS: óvirkur fjárfestir í hlutabréfum, stofnsettur samkvæmt lögum Kaliforníu í þeim tilgangi að annast eftirlauna-, örorku- og eftirlifendalífeyri fyrir hönd opinberra menntastofnana í Kaliforníu, allt frá leikskólastigi til háskólastigs.
- APG: fjármálaþjónusta á borð við ráðgjöf, eignastýringu, umsýslu vegna greiðslna og samskipta fyrir hönd lífeyriskerfa og vinnuveitenda í ýmsum geirum.
- Munich Re: alþjóðlegt tryggingafélag sem fæst við alla virðisdeðju endurtrygginga, grunntrygginga (t.d. ERGO) og aukaáhhættuþryggingalausnir, sem og eignastýringarþjónustu (MEAG).
- CalPERS: stofnun sem tilheyrir framkvæmdarvaldi Kaliforníu sem stýrir lífeyris- og sjúkratryggingum fyrir hönd rúmlega 1,6 milljóna opinberra starfsmanna, eftirlaunaþega og fjölskyldna þeirra, í Kaliforníu.
- Astoria I og Astoria II: eignarhald á tveimur gasknúnum samþættum orkuverum sem framleiða rafmagn og eru staðsett í New York (Bandaríkjunum).

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 104, 31.3.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9766 – APG/CalPERS/Munich Re/Astoria I & II

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9775 – Global Payments/CaixaBank/MoneyToPay)

2020/EES/21/11

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. mars 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Global Payments Inc. („Global Payments“, Bandaríkjunum).
- CaixaBank, S.A. („CaixaBank“, Spáni).
- CaixaBank Electronic Money E.D.E., S.L. („MoneyToPay“, Spáni).

Global Payments og CaixaBank ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir MoneyToPay.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Global Payments: fæst við greiðslutæknilausnir um allan heim, m.a. fyrirtækja- og greiðslustýringarlausnir (einkum í Bandaríkjunum), greiðslukortavinnslu, portal-lausnir fyrir greiðslu á netinu og færsluhirðingarþjónustu og -vörur.
- CaixaBank: fjölþjóðleg samstæða sem annast fjármálaþjónustu. Einkum er um að ræða bankaþjónustu (viðskipta-, fyrirtækja-, einkabankaþjónusta), alhliða fjárfestinga- og verðbréfunarþjónusta, auk framboðs á sértækum tryggingavörum á Spáni og í Portúgal.
- MoneyToPay: fyrirtæki sem gefur út forgreiðsluvörur á Spáni, í Portúgal og Austurríki. Um er að ræða fyrirframgreidd VISA kort og nothæfan búnað sem tekið er við í öllum verslunum og sérstakar fyrirframgreiddar vörur sem aðeins er tekið við í tilteknum verslunum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

